

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2021

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinganr. 90/2018, 585. mál).

(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands gerir athugasemd við 11. grein frumvarpsins og greinargerð með því ákvæði og lýsir furðu sinni á þeim vinnubrögðum embættismannakerfisins, sem þar virðast liggja til grundvallar. Óvönduð vinnubrögð af því tagi urðu til þess að ákvæði um eftirlit fjölmiðlanefndar með innihaldi fjölmiðla var smyglað inn í breytingar á fjölmiðlalögum án skýringar og vitundar og vilja Alþingis, að því er virðist, árið 2013. Ákvæði þess efnis höfðu áður verið felld brott úr frumvarpi til fjölmiðlaga sem urðu að lögum árið 2011, meðal annars vegna gagnrýni Blaðamannafélags Íslands, enda brot á stjórnarskrárvörðum réttindum borgara þessa lands að framkvæmdavaldið hafi eftirlit með tjáningarfrelsinu. Óheillapróuin í þá átt hefur einmitt mátt líta meðal annars í Póllandi og í Ungverjalandi og vakið harða gagnrýni í öðrum Evrópulöndum, enda lykiltríði að framkvæmdavaldið fái aðhald frá sjálfstæðum og óháðum fjölmiðlum, en hafi ekki eftirlit með þeim. Það er hlutverk dómssvaldsins í lýðræðissamfélögum. Þessi breyting varð til þess að Blaðamannafélag Íslands dró fulltrúa sinn út úr Fjölmiðlanefnd árið 2017 og hefur hann ekki starfað þar síðan og mun ekki gera fyrr en úrbætur verða gerðar í þessum efnum.

Þá er það er rangt að fjölmiðlanefnd hafi heimild til beitingar viðurlaga vegna efnis fjölmiðla og vekur furðu að því sé haldið fram í greinargerð með frumvarpinu án frekari útskýringa. Þá er það fullkomlega óskiljanlegt að það sé “nauðsynlegt fyrir fjölmiðlanefnd að hafa heimild til vinnslu persónuupplýsinga um heilsufar, kynhneigð og kynhegðun,” vegna hlutverks síns?! Þá segir í greinargerðinni að um brot fjölmiðla á friðhelgi einkalífs þurfi það ekki að vera “ávallt svo að hinn skráði sendi inn kvörtun þess efnis en komið getur til þess að ábending berist frá þriðja aðila.”

Hvernig ber að skilja þetta og hvernig má það vera að fjölmiðlalög og hlutverk fjölmiðlanefndar heimili slíkt inngrip í rétt borgara þessa lands? Er það skilningur embættismannakerfisins, sem er hluti af framkvæmdavaldinu og telur þörf á þessari lagasetningu, að hver sem er geti kært möguleg brot á friðhelgi einkalífs þriðja aðila og það kalli á könnun fjölmiðlanefndar á heilsufari, kynhneigð og kynhegðun þess aðila sem um er fjallað og hefur ekki kvartað? Af hverju ekki að bæta kynþætti og stjórnmalaskoðunum við upptalninguna?! Þetta er auðvitað fullkomlega fráleitt og kallar á skýringar.

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS


Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Bláamannafélag Íslands leggst alfarið gegn þeim breytingum sem lagðar er til í frumvarpinu hvað varðar heimildir fjölmiðlanefndar og telur þær illa grundaðar, órökstuddar og raunar óskiljanlegar.

Að sjálfsögðu er fulltrúi félagsins reiðubúinn að koma fyrir nefndina og gera betur grein fyrir afstöðu félagsins sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ